

Jafnréttisstefna Naustaskóla skólaárið 2025-2028

Jafnréttisstefna þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025-2028. Jafnréttisstefnan nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Mikil ábyrgð er á herðum grunnskólanna í ljósi laga og námskrár varðandi jafnréttismál. Aðal markmiðið er að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu jafnt á meðal allra barna og undirbúa þau undir virka þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi sem og virka þátttöku í samfélaginu. Þannig ber skólanum að huga sérstaklega að eftirfarandi þremur þáttum er lúta að jafnrétti:

- Að allir einstaklingar óháð kyni eigi kost á alhliða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska hvers og eins ekki síður en áhuga.
- Taka skal tillit til kynjamunar og ólíkrar stöðu kynja í skólastarfinu, huga skal sérstaklega að stöðu kynja innan skólans bæði hjá nemendum og starfsfólki.
- Skólinn er ekki einungis mennta- og uppeldisstofnun heldur er hann einnig vinnustaður einstaklinga og á skólanum hvílir ábyrgð gagnvart starfsfólki hans.

Þetta er í samræmi við það sem sett var fram í jafnréttislögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Í lögunum kemur fram að með kyni er átt við konur, karla og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá. Á öllum skólastigum skuli veita nemendum fræðslu í jafnréttismálum og búa þá þannig undir jafna þátttöku í samfélaginu, atvinnu- og fjölskyldulífi. Í náms- og starfsfræðslu skal leitast við að kynna nemendum störf sem áður hafa verið kynnt sem hefðbundin kvenna- og karlastörf. Mikilvægt er að hafa í huga að kennslugögn séu þannig að mismunun eigi sér ekki stað gagnvart kynjum eða fólki með fjölbreytta kynvitund og kyntjáningu.

Mikilvægt er að hvetja nemendur áfram í námi og er það áhyggjuefni hversu mörg ungmenni falla burt úr námi rétt eftir að grunnskólagöngu lýkur. Rannsóknir sýna að drengir falla frekar úr námi en stúlkur og fleiri stúlkur fara í háskólanám en drengir, einnig sýnir sig að námsval einstaklinga er mjög kynbundið. Sérstaklega þarf að huga að stöðu nemenda af erlendum uppruna og þeim sem búa við fjölþætta mismunun.

Í Naustaskóla er stefnt að því að allir einstaklingar hafi jafna möguleika á að nýta hæfileika sína og ná þannig auknum þroska í námi/starfi jafnt og félagslífi óháð kyni þeirra, kynvitund, kyntjáningu eða kynþætti. Skólinn vill tryggja að komið sé til móts við þarfir hvers og eins og stuðla þannig að uppbyggingu hvers og eins hvort heldur er í námi hans eða starfi. Þess skal

gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynvitundar, kyntjáningar, kynþáttar eða uppruna.

Til að stuðla að jafnrétti í Naustaskóla verður gætt að eftirfarandi þáttum:

- Jafnréttissjónarmiða verði gætt hvarvetna í skólastarfinu og jafnréttismál reglulega tekin til umræðu.
- Sem vinnustaður mun skólinn stuðla að jafnrétti í ráðningum starfsfólks, öll störf eru auglýst og leitast við að jafna kynjahlutföll að öðru jöfnu. Störf eru ekki flokkuð í karla-, kvenna- eða kynhlutlaus störf. Öll kyn njóta sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.
- Öll fái að koma fram og láta ljós sitt skína.
- Skólinn starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár. Markmið er lúta að kennslu nemenda í jafnréttismálum eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar vinna samkvæmt því.
- Í kennsluáætlunum kennara verði gerð grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins, nemendur skulu hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
- Nemendur fái náms- og starfsfræðslu og öðlist þannig sýn á áhugasvið sitt, fjölbreytileika og ekki síst sveigjanleika og þor. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf skulu öll kyn hljóta sömu kynningar. Mikilvægt er að kynna öllum nemendum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni, kynvitund eða kyntjáningu.
- Starfsfólki skólans ber að vera vakandi fyrir hverju því tækifæri sem gefst til að ræða við nemendur um jafnrétti kynjanna, staðalímyndir, fordóma, samskipti, ólíkar þarfir einstaklinga, kynjahlutföll í starfsgreinum og áhugasviðum og fjölbreytileika í kynvitund og kyntjáningu.
- Leita skal allra leiða til að efla sjálfsvirðingu og sjálfsvitund nemenda með það að markmiði að styrkja hvern einstakling í að velja út frá eigin sannfæringu en ekki út frá viðhorfum hóps eða staðalímyndum.
- Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað og þau endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Nýttur skal gátlisti Menntamálastofnunar, þar sem m.a. er horft til kynjasjónarmiða og fjölbreytileika, sem öllum höfundum og öðrum sem vinna fyrir stofnunina er gert að hafa að leiðarljósi.

- Jafnréttisstefnu og aðgerðaáætlun skal taka til umræðu og endurskoðunar meðal starfsfólks árlega. Jafnréttisnefnd skólans skal funda minnst fjórum sinnum á ári og fylgja eftir ákvæðum stefnunnar.
- Skólastjórnendur skulu skv. lögum gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks. Þetta á einnig við um netáreitni og hatursorðræðu á netinu.

Hvernig: Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna og um fjölbreytileika í kynvitund og kyntjáningu.

Fjölmennning og umburðarlyndi

Naustaskóli setur sér að taka vel á móti öllum nemendum og foreldrum í skólasamfélagið óháð uppruna þeirra, kynþætti, trú, kynvitund eða kyntjáningu. Gera alla meðlimi skólasamfélagsins virka og stuðla að virkri þátttöku þeirra. Sérstök athygli er vakin á stöðu kvenna af erlendum uppruna sem geta orðið fyrir fjölþætttri mismunun. Til að ná þessum markmiðum ætlar skólinn að:

- Vera opinn fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- Sýna mismunandi trúarbrögðum og menningu umburðarlyndi.
- Viðurkenna fjölbreytileika í kynvitund og kyntjáningu.
- Sýna umhyggju og vera styðjandi.
- Veita góðar og aðgengilegar upplýsingar.
- Leitast við að byggja upp traust og góð tengsl á milli heimilis og skóla.
- Leitast við að uppfræða starfsfólk og nálgast fræðslu þegar við á.
- Nýta sér þjónustu túlka þegar þess er þörf.
- Leitast við að aðlaga námsumhverfi og nám nemandans að þörfum hans.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Starfsfólki Naustaskóla óháð kyni, kynvitund eða kyntjáningu sem vinna sambærileg störf í skólanum skal til jafns standa til boða starfsþjálfun og endurmenntun.

Hvernig: Við gerð símenntunaráætlana skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað og tilboð séu við hæfi allra kynja og fólks með fjölbreytta kynvitund. Starfsfólki skal standa til boða fræðsla um jafnréttismál og fjölbreytileika. Taka skal saman annað hvert ár tölulegar upplýsingar um endurmenntun allra kynja.

Hver: Stjórnendur og jafnréttisnefnd skólans.

Hvenær: Við gerð endurmenntunaráætlunar/símenntunaráætlunar skólans sem er gerð vor hvert.

Laun og launagagnsæi

Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði og vinna að því að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós. Í samræmi við áherslur nýrrar jafnréttislöggjafar skal auka gagnsæi í launamálum.

Hvernig: Gerð verði úttekt þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum. Komi launamunur í ljós verður leitað leiða til að leiðrétta það. Aukið gagnsæi í launamálum og reglubundin birtingu launaupplýsinga í samræmi við kröfur laga.

Hver: Jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar og skólastjóri.

Hvenær: Við úttekt hjá Akureyrarbæ. Áætlað á þriggja ára fresti, síðast gert 2022.

Samræming starfs og einkalífs

Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og gott að jafnvægi sé þar á milli. Reynt er að koma til móts við starfsfólk um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er. Sérstök athygli er vakin á þörfum einforeldra og fjölbreyttra fjölskylduforma.

Hvernig: Óskir starfsfólks um sveigjanleika verði metnar eftir aðstæðum. Gerðar verða kannanir meðal starfsfólks Akureyrarbæjar á samræmingu starfs og einkalífs.

Hver: Jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar, jafnréttisnefnd skólans og skólastjóri.

Hvenær: Síðast gert 2023, smærri úttektir skóla 2023 samhliða nýjum kjarasamningum.

Kynbundið ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni

Gerðar hafa verið leiðbeiningar fyrir bæjarkerfið um viðbrögð við kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti á vinnustöðum. Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða einelti. Gerðar verða kannanir hjá Akureyrarbæ vegna þessara þátta. Sérstök áhersla er lögð á netáreitni og hatusorðræðu sem getur verið sérstaklega skaðleg fyrir hinsegin fólk og konur.

Hvernig: Leiðbeiningabæklingur verði kynntur öllu starfsfólki. Jafnréttisnefnd skólans sér til þess að bæklingar séu aðgengilegir öllu starfsfólki. Aflað verður upplýsinga í starfsmannaviðtölum og kynnt reglugerð varðandi aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Hver: Jafnréttisnefnd og stjórnendur skólans. Jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar.

Hvenær: Í upphafi hvers skólaárs. Deildum og stofnunum bæjarins stendur ávallt til boða fræðsla um áreitni á vinnustöðum.

Aðgerðaráætlun Naustaskóla 2025-2028

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála

Jafnréttisnefnd hefur umsjón með þróun, útfærslu og eftirfylgni jafnréttisstefnu skólans, bæði hvað varðar starfsfólk og nemendur skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun.

Tími	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð
Ágúst	Bæði nemendur og starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða einelti.	Leiðbeiningabæklingur verði kynntur öllu starfsfólki. Jafnréttisnefnd skólans sér til þess að bæklingar séu aðgengilegir öllu starfsfólki. Nemendur fá fræðslu um netöryggi og hatursorðræðu.	Jafnréttisnefnd og stjórnendur skólans. Jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar. Náms- og starfsráðgjafi.
Sept.	Jafnréttisáætlun endurskoðuð og uppfærð.	Jafnréttisáætlun endurskoðuð með tilliti til nýjustu laga og framkvæmdaáætlunar. Jafnréttisáætlun skilað til samfélags- og mannréttindasviðs til samþykktar.	Skólastjórnendur
Sept.	Að allt starfsfólk þekki jafnréttisáætlun skólans.	Nýju starfsfólki kynnt jafnréttisáætlunin. Eldra starfsfólk fái upprifjun á henni. Sérstök áhersla á fjölbreytileika og umburðarlyndi.	Skólastjórnendur
Okt.	Til að stuðla að jafnrétti í Naustaskóla verður gætt að eftirfarandi þáttum: Í kennsluáætlunum kennara verði gerð grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins, nemendur eiga að fá fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Kennarar skili inn ársáætlun um markmið og jafnréttisfræðslu til stjórnenda. Áhersla á fjölbreytileika og umburðarlyndi.	Skólastjóri

Nóv.	Að kanna hvort kynjamun sé að finna í þátttöku foreldra í viðtölum og hvort menningarlegur bakgrunnur hafi áhrif.	Kennara taki saman mætingar foreldra í viðtöl nemenda. Niðurstöður teknar saman og kynntar. Greining á fjölbreytileika foreldra.	Skólastjórnendur/ umsjónarkennarar
Feb.	Að kanna viðhorf og líðan nemenda með tilliti til fjölbreytileika.	Stutt könnun um líðan og jafnréttismál fyrir nemendur. Nafnlaus en kyngreind og með spurningunum um fjölbreytileika.	Náms- og starfsráðgjafi
Feb.	Að ræða hugsanlegan kynjamun tengslum við frammistöðu nemenda og áhrif menningarlegs bakgrunns.	Umræðuþing kennara um ístöðu nemenda og kynjagleraugun sett á, á kynjarafundi. Umræða um nemendur af erlendum uppruna.	Skólastjórnendur
Mars	Að nýta upplýsingar úr könnun frá feb. til þróunar.	Kennarateymi ræða niðurstöður viðhorfs og líðan könnunar og móta aðgerðir.	Kennarateymi
Sept. til apríl	Nemendur fái starfskynningar og umræðu um jafnan rétt kynja í fjölskyldu og atvinnulífi.	Nemendur vinni verkefni, eigi umræður og fari í starfskynningar. Fái fræðslu um jafnan rétt kynjanna og fjölbreytileika í starfslífi.	Náms- og starfsráðgjafi
Maí	Að endurskoða og endurnýja jafnréttisstefnuna.	Starfsfólk/Skólaráð les áætlunina yfir og gerir breytingatillögur. Skólaráð afgreiðir nýja áætlun. Áhersla á þróun næstu áætlunar.	Skólastjóri
Árlega	Fylgst er með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði og unnið að því að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós.	Gerð verði úttekt þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum. Komi launamunur í ljós verður leitað leiða til að leiðrétta það.	Skólastjóri og Jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar.

Fylgiskjal - skýring

Skólastjóri skipar jafnframt forvarnarteymi sem sér um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunar. Í forvarnarteymi skólans sitja skólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi, starfsmaður FÉLAK, húsvörður og forstöðumaður Frístundar.

Það sem snýr að nemendum

Aðgerðaráætlun um forvarnir gegn kynferðisofbeldi - áætlun frá forvarnarteymi.

Forvarnir gegn kynferðilegu og kynbundnu áreiti og ofbeldi - með sérstakri áherslu á netöryggi og hatursorðræðu.

Viðbragðaaætlun - viðbragðsferill skóla og frístundar með tilliti til fjölbreytileika nemendahóps.

Fræðsla um fjölbreytileika - kennsla um kynvitund, kyntjáningu og fjölmennningarlega skilning.

Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna - sérstök áhersla á stöðu stúlkna og kvenna af erlendum uppruna.

Samstarf við foreldra - með tilliti til menningarlegs fjölbreytileika og mismunandi viðhorfa til kynjajafnréttis.